

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1997.

Rekstrarreikningur ársins 1997.

Fjármunatekjur:

	kr.
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	371.489.789
Aðrar vaxtatekjur	18.474.580
Lántökugjald	10.866.000
Fjármunatekjur alls:	<u>400.830.369</u>

Fjármagnsgjöld:

Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum	46.202.022
Önnur vaxtagjöld	27.502
Lántökugjöld	115.900
Fjármagnsgjöld alls:	<u>46.345.424</u>

Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu	354.484.945
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	(99.705.276)
Hreinar fjármunatekjur:	<u>254.779.669</u>

Aðrar tekjur:

Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	14.411.397
Aðrar tekjur alls:	<u>14.411.397</u>

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	15.300.000
Sérkostnaður Lánasjóðs	4.826.644
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.001.987
Rekstrargjöld alls:	<u>21.128.631</u>

Tekjuafgangur ársins:	<u><u>248.062.435</u></u>
-----------------------------	---------------------------

Efnahagsreikningur 31. desember 1997.

Eignir.

Fastafjármunir:

	kr.
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Fasteign	30.363.791
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	<u>30.363.791</u>

Áhættufé:

Hlutabréfaeign	420.588
Áhættufé alls:	<u>420.588</u>

Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	5.941.187.510
Afborganir til greiðslu á næsta ári	(795.850.526)
Langtímakröfur alls:	<u>5.145.336.984</u>
Fastafjármunir alls:	<u>5.176.121.363</u>
Veltufjármunir:	
Útistandandi skuldir	7.034.040
Gjaldfallnar afborganir og vextir	24.909.901
Áfallnir útistandandi vextir	136.801.584
Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári	780.998.347
Bankainnstæður	201.827.855
Sjóður	10.000
Veltufjármunir alls:	<u>1.151.581.727</u>
Eignir samtals:	<u>6.327.703.090</u>
Skuldir og eigið fé.	
Eigið fé:	kr.
Endurmatsreikningur	2.248.092.498
Óráðstafað eigið fé	3.067.366.314
Eigið fé alls:	<u>5.315.458.812</u>
Langtímaskuldir:	
Ábyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldb. v/starfsmanna	14.256.000
Ábyrgðarskuldb. alls:	<u>14.256.000</u>
Langtímalán:	
Framkvæmdasjóður Íslands	41.970.047
Seðlabanki Íslands	3.601.206
Norræni fjárfestingabankinn	923.990.609
	<u>969.561.862</u>
Afborganir næsta árs	(48.556.316)
Langtímalán alls:	<u>921.005.546</u>
Skammtímaskuldir:	
Skuldheimtumenn	3.468.010
Áfallnir ógreiddir vextir	24.958.406
Afborganir næsta árs af langtímaskuldum	48.556.316
Skammtímaskuldir alls:	<u>76.982.732</u>
Skuldir alls:	<u>1.012.244.278</u>
Skuldir og eigið fé samtals:	<u>6.327.703.090</u>

Áritun endurskoðenda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1997. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 10.

Arsreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1997, efnahag 31. desember 1997 og breytingu á handbæru fé á árinu 1997 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 27. maí 1998.

Ingimundur Sigurpálsson,
skoðunarmaður.

Sveinn Sæmundsson,
löggiltur endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings.

Reykjavík, 8. maí 1998.

Kristján Magnússon.

Sigríður Stefánsdóttir.
Ingvar Viktorsson.
Þórður Skúlason.

Óli Jón Gunnarsson.
Karl Björnsson.
Birgir L. Blöndal.

6. júlí 1998

Nr. 409

REGLUGERÐ

um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga.

I. KAFLI

Vinna.

1. gr.

Fanga ber að stunda vinnu.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er falið að sinna. Við komu í fangelsi skal kynna fanga hvaða vinna stendur til boða. Við ákvörðun um til hvaða starfa fangi er settur skal taka tillit til aðstæðna hans og óska, eftir því sem unnt er.

Þegar aðstæður í fangelsi leyfa og fangi óskar þess má heimila honum að sinna vinnu sem fangelsi útvegar í klefa sínum, enda sé unnt að hafa eftirlit með því að hann vinni þar.